

## Fyrirspurn

til félags- og húsnæðismálaráðherra um kostnað við uppfærslu tekjuviðmiða vegna uppbóta á lífeyri.

Frá Steinunni Þóru Árnadóttur.

1. Hver yrði kostnaður ef tekjuviðmið skv. 12. gr. reglugerðar nr. 1052/2009 um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri yrði hækkað/uppfært um sömu prósentutölu og bætur lífeyristrygginga hafa hækkað frá 1. nóvember 2010 til ársloka 2013?
2. Er vilji hjá ráðherra til að hækka tekjuviðmiðið, sbr. 1. tölul., með gildistöku frá 1. nóvember 2014?
3. Er ráðherra hlynntur því að sett verði ný ákvæði í lög um félagslega aðstoð eða í reglugerð nr. 1052/2009 um að tekjuviðmiðið taki framvegis breytingum í réttu hlutfalli við hækkun bóta lífeyristrygginga?

Skriflegt svar óskast.